

Nd.

792. Þingsályktun

um ellitryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn og undirbúning undir að koma á almennum ellitryggingum í landinu og leggja fyrir næsta þing tillögur í því efni.